

Nd.

276. Tillaga til þingsályktunar

[140. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á ásökunum um trúnaðarbrot utanríkismálanefndarmanna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild ályktar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar að skípa sjö manna nefnd innandeildarmanna til að rannsaka þá ásökun Guðmundar Í. Guðmundssonar, fyrrv. utanríkisráðherra, að utanríkismálanefndarmenn hafi gert sig seka um trúnaðarbrot í utanríkisráðherratið hans.

Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Greinargerð.

Í umræðum í sameinuðu þingi, sem fóru fram 30. nóv. s. l., bar störf utanríkismálanefndar á góma, og fórust Emil Jónssyni utanríkisráðherra þá m. a. orð á þessa leið:

„Það er alveg rétt, að það eru miklu færri mál borin undir utanríkismálanefnd heldur en vert væri og sennilega rétt væri. En það er af því, að fyrrv. utanríkisráðherra taldi, að hann hefði orðið þannig fyrir barðinu á utanríkismálanefnd, að hann gæti ekki trúað henni fyrir málum. Ég held, að mér sé óhætt að segja það eftir honum, að það hafi trúnaðarmál, sem nefndinni hafi verið sagt frá, verið borin út og komið í blóðum, og þess vegna vildi hann ekki fyrir sitt leyti, að henni væru fengnar allar upplýsingar, sem annars hefði verið rétt að nefndin fengi. Ég skal ekkert segja um þetta. Ég þekki það ekki svo vel.“

Í sjónvarpsviðtali, sem utanríkisráðherra átti við nokkra blaðamenn 10. febr. s. l., barst talið að þessu efni. Morgunblaðið sagði frá þessu viðtali daginn eftir (11. febr.), og hófst frásögn blaðsins á þessa leið:

„Á blaðamannafundi í sjónvarpinu í gærkvöldi sagði Emil Jónsson utanríkisráðherra, formaður Alþýðuflokksins, að á árunum 1960 og 1961 hefðu trúnaðarmál, sem lögð voru fyrir utanríkismálanefnd Alþingis, lekið út og birt aðallega í Þjóðviljanum og einnig í Tímanum. Utanríkisráðherra sagði, að meðan svo væri, mundi hann ekki leggja trúnaðarmál fyrir nefndina.“

Næsta dag (12. febr.) birti Mbl. svo forustugrein undir fyrirsögninni: „Trúnaðarbrot framsóknarmanna og kommúnista.“ Í greininni var sagt, að utanríkisráðherra hefði upplýst það í sjónvarpsþætti, að „á árunum 1960 og 1961 hafi trúnaðarmál, sem lögð voru fyrir utanríkismálanefnd Alþingis, verið gerð opinber, aðallega í Þjóðviljanum, en einnig í Tímanum.“

Á fundi í sameinuðu þingi 15. febr. s. l. vék Emil Jónsson utanríkisráðherra enn að þessu máli og taldi sig eingöngu hafa haft ummæli Guðmundar Í. Guðmundssonar, fyrrv. utanríkisráðherra, fyrir því, að ekki væri hægt að treysta utanríkismálanefnd fyrir trúnaðarmálum. Þessu til áréttingar vitnaði ráðherrann í ummæli, sem fyrrv. utanríkisráðherra lét falla á fundi utanríkismálanefndar 4. febr. 1964. Þeim ummælum fyrrv. utanríkisráðherra var þá strax mótmælt í nefndinni, og ráðherrann nefndi engin dæmi máli sínu til sönnunar. Var álitit, að ráðherrann hefði séð við nánari athugun, að áskanir hans hefðu ekki við rök að styðjast, þar sem þeim var ekki hreyft meira að sinni.

Það hefur nú gerzt, að núv. utanríkisráðherra virðist hafa tekið þessar órökstuddu fullyrðingar fyrirrennara síns alvarlega og fært þær fram sem afsökun fyrir því, að hann hefur ekki haft það samstarf við utanríkismálanefnd, sem lög gera ráð fyrir. Jafnframt eru stjórnmalablöð farin að byggja á þessum fullyrðingum árásir á utanríkismálanefnd eða a. m. k. á suma þá menn, sem þar hafa átt sæti. Þar sem hér er beint að þingmönnum þingum ásökunum um brot á trúnaðarskyldum, verður að teljast rétt og skylt, að Alþingi sjálft kanni til fulls, hvað hæft er í umræddum fullyrðingum fyrrverandi utanríkisráðherra. Því er þessi tillaga flutt.